

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanabjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 23 650 í stað kr. 21 500.

Í 6. gr. komi kr. 23 650 í stað kr. 21 500.

Í 10. gr. komi kr. 19 000 í stað kr. 17 300.

Í 14. gr. komi kr. 19 000 í stað kr. 17 300.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30., sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 323

GJALDSKRÁ

2. júlí 1991

fyrir mengunareftirlit á Norðurlandssvæði eystra.

1. gr.

Sveitarstjórnnum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 5. tl. 3. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, 3. gr. 6. tl. og viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 000,00

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 sbr. 5. tl. 8. gr. mengunarvarnareglugerðar, nr. 389/1990, er heimilt að innheimta leyfisgjald svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 000,00

3. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits lætur, fyrir hönd svæðisnefndar sveitarstjórnnum í té eftirlitsskyld fyrirtæki.

Sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu eftirlitsgjalda.

Gjöld samkvæmt 1. gr. má innheimta með lögtaki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 369/1990.

Umhverfissráðuneytið, 2. júlí 1991.

F. h. r.

Páll Líndal

Sígurbjörg Sæmundsdóttir.